



Reykjavík, 9. júní 2026  
USK25020007

## **Varðar: Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna nýs athafna- og hafnarsvæðis, Galtarlækur**

Lögð er fram umsagnarbeiðni Hvalfjarðarsveitar, dags. 15. apríl 2026, þar sem óskað er eftir umsögn um aðalskipulagsbreytingu í auglýsingu (nr. 63/2025 í skipulagsgátt). Gögn aðalskipulagsbreytingarinnar eru greinargerð með umhverfismatsskýrslu, dags. 15. janúar 2026 og breytingaruppráttur í mkv. 1:50.000, dags. 12. júní 2025.

Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er nýtt 37,1 ha hafnarsvæði H4 og stækkun athafnasvæðis AF15 úr 3 ha í 67,6 ha, samtals 101,7 ha. Fyrirhugað er að á svæðinu verði starfsemi sem hýsi vörugeymslur, geymslusvæði, léttan iðnað og ýmiss konar þjónustustarfsemi, t.d. vegna hafnsækinnar starfsemi. Gert er ráð fyrir höfn og 1000 m löngum viðlegukanti sem muni þjónusta flutningaskip og stór skemmtiferðaskip. Fyrirhuguð landfylling vegna hafnargerðar er 15 ha.

### **Hafnarstarfsemi**

Ljóst er að Reykjavíkurborg, sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins, Faxaflóahafnir og aðliggjandi sveitarfélög hafa hagnun af því að þróun hafnarmannvirkja á Faxaflóasvæðinu sé samræmd og byggi á heildarsýn.

Um er að ræða umfangsmikla breytingu á landnotkun á svæðinu sem hefur umtalsverð áhrif á innviði til lengri tíma. Rökstyðja þarf þörf fyrir uppbyggingu að þessari stærðargráðu í samhengi við núverandi hafnarstarfsemi á Grundartanga, uppbyggingu innviða og áhrif á nærliggjandi sveitarfélög og Faxaflóahafnir.

### **Samgöngumat**

Staðsetning hafnar fyrir skemmtiferða- og flutningaskip, ásamt svo umfangsmiklu athafnasvæði getur leitt til aukinnar umferðar stórra ökutækja um Vesturlandsveg. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum þess, meðal annars vegna umferðar hópbifreiða til og frá Reykjavík. Þá liggur ekki fyrir hversu mikil umferðaraukning verður vegna athafnasvæðisins, sem skapar talsverða óvissu um heildaráhrif framkvæmdarinnar á umferð. Meta þarf sérstaklega aukna þungaumferð vegna uppbyggingarinnar, bæði á verktíma framkvæmdar með umfjöllun í umhverfismatsskýrslu, sem og til lengri framtíðar. Þörf er á heildstæðu mati á tengingu svæðisins við Vesturlandsveg, áhrif á þróunarmöguleika Hvalfjarðarganga (sbr. athugasemdir Vegagerðarinnar), samspil við fyrirhugaða Sundabraut og möguleg áhrif á umferð til og frá Reykjavík.

Þar sem fram kemur í breytingartillögu að umferð komi til með að aukast og hafa áhrif á núverandi innviði, tekur Reykjavíkurborg undir það sem fram kemur í umsögn Vegagerðarinnar og annarra umsagnaraðila, að unnið verði heildstætt samgöngumat fyrir svæðið.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**



Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir  
verkefnastjóri